



ÁRSSKÝRSLA 2011

VEGVÍSIR - MARKMIÐ 2012

FEBRÚAR 2012

Febrúar 2012

Þekkingarnet Þingeyinga
Óli Halldórsson

Forsíðumyndir:

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

Efri v.: Úrbeininganámskeið hjá Viðbót á Húsavík

Efri h.: Vorstilla á Tjörnesi

Neðri v.: Undirritun samnings MRN og ÞP í Mvátthssveit

Neðri h.: Sykurmassanámskeið á Húsavík

FRÁ FORSTÖÐUMANNI.....	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	3
HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI.....	7
SÍMENNTUNARSVIÐ.....	10
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT.....	14
HÁSKÓLANÁMSSVIÐ.....	17
RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ.....	20
ÚTGÁFA, KYNNING.....	23

FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Breytileiki er ávallt töluverður í starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga og árið 2011 var engin undantekning frá því. Atvinnuleysi var viðvarandi á árinu, þó ástandið í Þingeyjarsýslum hafi ekki náð því sem verst hefur verið á landsvisu. Óvissa á atvinnumarkaði hefur þó viðhaldið mikilli þörf á úrræðum og þjónustu við atvinnuleitendur og vinnustaði í héraðinu og hefur starfsemin á árinu borið nokkurn keim af þessu. Ákveðnir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafa þó festst í sessi undanfarin ár og útheimta orðið fyrirséð og áþekk vinnubrögð og þjónustu. Þetta á einkum við allt sem snýr að fræðslu fullorðinna, bæði námskeiðahald lengra og skemmra sem og þjónustuna við fjarnema í héraðinu.

Á *símenntunarsviði* var starfsemi að flestu leyti áþekk árinu á undan. Lítillega dró þó úr eftirspurn í styttri námskeið og þar með fjölda nemenda. Þátttaka í stærri og lengri hagnýtum og/eða einingabærum námsleiðum hélst prýðileg á árinu 2011. Náms- og starfsráðgjöf eflist hins vegar töluvert á árinu 2011 og hafa aldrei fleiri Þingeyingar þegið ráðgjöf hjá stofnuninni.

Á *háskólanámssviði* var starfsemi á árinu 2011 mjög öflug og bendir allt til þess að stígandi hafi verið undanfarin ár í fjarnámi og fjarnámsþjónustu í Þingeyjarsýslum. Veruleg aukning varð þannig á fjölda fjarprófa á vegum Þekkingarnetsins frá fyrra ári, sem þó hafði verið metár. Einnig var mikil og samfelld nýting á námsaðstöðu Þekkingarnetsins allt árið.

Á *rannsóknasviði* var starfsemi með áþekkingum hætti og verið hefur. Grunnstarfsemin á sviðinu var svipuð og undangengin ár. Nokkrir háskólanemar voru fengnir til tímabundinna rannsóknaverkefna og einnig vann stofnunin nokkur rannsóknaverkefni á eigin vegum. Sum þessara verkefna eru orðin að föstum árlegum verkum, s.s. samantekt íbúapróunargagna fyrir héraðið. Þá seldi stofnunin út nokkur ráðgjafarverkefni á árinu, viðamest svokallað „Sjálfbærni-verkefni“ sem þá hefur unnið við undanfarin ár, en einnig komu til ný verkefni á sviði stefnumótunar og fyrirtækjaráðgjafar.

Um sumarið 2011 varð sá mikilvægi áfangi að undirritaður var nýr samningur Þekkingarnetsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um rekstrarframlög til næstu þriggja ára. Eldri samningur rann út í árslok 2010 og gildir sá nýi árin 2011-2013. Þó þessir samningar við ríkisvaldið séu undirstaða starfsemi og þjónustu Þekkingarnetsins hefur tekjuhlutfall Þekkingarnets Þingeyinga tekið miklum breytingum á síðustu misserum. Á árinu 2011 var hlutfall opinberra samningsbundinna fjárframlaga annað árið í röð undir 50% af heildartekjum stofnunarinnar. Því má segja að stofnunin sé nú rekin að meirhluta af sjálfsaflafé í formi útseldra verkefna og þjónustusamninga af ýmsu tagi. Að einhverju leyti má færa fyrir því rök að þessi breytta staða dragi úr stöðugleika í rekstri stofnunarinnar. Það er þó von og trú undirritaðs að á þeim tímum sem uppi eru núna muni breiður tekjugrunnur af þessu tagi treysta undirstöður stofnunarinnar og þá grunnþjónustu sem henni er ætlað að halda úti á ögrandi en áhugaverðum tímum.



Óli Halldórsson

Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga

STJÓRN OG STARFSFÓLK**Stjórn og starfsfólk**










Starfsmannahald	Áætlun 2011?	Niðurstaða 2011	Áætlun 2012?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	8	8,9	8,5
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2	2,6	2,5
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1	0	0,5
Alls stöðugildi:	11	11,5	11,5

Stjórn og skipurit	2011	Áætlun 2012?
Mannabreytingar í stjórn	Engar breytingar á stjórn.	Endumýjun tilnefninga allra stjórnarmanna á aðalfundi 2012
Breytingar á skipuriti/stjórnun	Engar breytingar	Ekki fyrir séðar breytingar 2012

Skýringar
<p>Gert er ráð fyrir áþekku umfangi í starfsmannahaldi á árinu 2012 og var á liðnu ári, þ.e. 11,5 stöðugildum. Þar af 9 stöðugildum launþega auk ígildis þriggja stöðugilda í tímabundnum verkefnum í verktöku.</p> <p>Tilnefningar stjórnarfélks þekkingarnetsins renna út á árinu 2012 og verða því tilnefningar endurnýjaðar á aðalfundi vorið 2012.</p> <p>Á árinu 2012 verður áfram unnið eftir skipuriti þekkingarnetsins frá árinu 2006 (með síðari breytingum frá árinu 2010).</p>

Á árinu 2011 voru 14 launþegar hjá þekkingarsetrinu í 8,9 stöðugildum. Utan fastra heilsársstarfsmanna er töluvert um tímabundin störf við verkefni á vegum þekkingarnetsins við námskeiðakennslu og rannsóknaverkefni. Flest þessi verkefni tengjast rannsóknum að sumarlagi eða kennslu á veturna. Að öllu þessu töldu útheimti starfsemi þekkingarnets þingeyinga 11,5 stöðugildi á árinu 2011.

Fastráðnir starfsmenn þekkingarnets þingeyinga í árslok 2011:

	<p>Óli Halldórsson Forstöðumaður (100%) MA umhverfisfr., BA heimspeki, frhsk.kennari</p>		
	<p>Aðalsteinn J. Halldórsson Sérfræðingur rannsóknasvið, umsjón tæknimála (100%) BA stjórn málafræði, MPA-í opinberri stjórnsýslu</p>		<p>Erla Dögg Ásgeirsdóttir Náms- og starfsráðgjafi (100%) BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgj., M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf</p>
	<p>Guðlaug Gísladóttir Verkefnisstjóri rannsóknasvið(100%) MPM verkefnastjórnun, BS viðskiptafræði</p>		<p>Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Skrifstofustjóri (100%) Skrifstofustjóri/skólaritari frá V.Í.</p>
	<p>Gréta Bergrún Jóhannsdóttir Verkefnastjóri Mennta- seturinu á Þórshöfn – rannsóknir/þróun (100%) MA kynjafræði, BA fjölmíðlafræði</p>		<p>Heiðrún Óladóttir Verkefnastjóri Mennta- setursins á Þórshöfn – símenntun (100%) Bed kennari</p>
	<p>Helena Eydís Ingólfssdóttir Sviðsstjóri símenntunar (100%) BEd kennari, MPA- nemi í opinberri stjórnsýslu</p>		<p>Hjördís Bergsdóttir Húsumsjón og ræstingar (40%)</p>

Eftirtaldir starfsmenn voru í tímabundu starfi sem launþegar hjá stofnuninni á árinu 2011:


- Ingibjörg Árnadóttir Kennsla og ýmis störf á símenntunarsviði
- Kjartan Páll Þórarinnsson Rannsóknavinna sumarið 2011
- Ólafía Helga Jónasdóttir Afleysingar við ræstingar sumarið 2011
- Ómar Þorgeirsson Rannsóknavinna sumarið 2011
- Signý Valdimarsdóttir Kennsla og ýmis störf á símenntunarsviði
- Sunna Björk Ragnarsdóttir Rannsóknavinna sumarið 2011
- Þórunn Þórhallsdóttir Skrifstofustörf sumarið 2011

Auk framangreindra kom nokkur fjöldi fólks til verktakakennslu á námskeiðum og námsleiðum eins og vant er.

Á árinu 2011 var framlengdur ráðningarsamningur við Heiðrúnu Óladóttur sem starfar á símenntunarsviði í Menntasetrinu á Þórshöfn. Þá var Hjördís Bergsdóttir ráðin til starfa við húsumsjón og ræstingar á Húsavík, en Dóra Sigurbjörnsdóttir hafði áður látið af störfum. Ekki urðu aðrar varanlegar breytingar á föstum starfsmannahóp þekkingarnets þingeyinga á árinu 2011.

Skipurit

Fagsvið þekkingarnets Þingeyinga eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Starfsfólk þekkingarnets hefur því í flestum tilvikum nokkuð vítt verksvið. Þrátt fyrir að fólk sé jafnan ráðið til starfa á ákveðnu sviði sérstaklega sinna þó flestir ýmsum verkefnum á öðrum sviðum jafnframt.



Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Á árinu 2011 urðu engar breytingar á stjórn.



Stjórn ÞÞ, desember 2011. Frá vinstri, Rannveig, Huld, Dóra, Aðalsteinn Árni, Tryggvi, Margrét Hólm, Reinhard og Rögnvaldur.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2011:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	• Reinhard Reynisson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	• Dóra Ármannsdóttir
Háskóli Íslands:	• Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	• Rannveig Björnsdóttir
Héraðsnefnd Þingeyinga:	• Tryggvi Finnsson
Norðurþing:	• Huld Aðalbjarnardóttir
Rannsóknastofnanir innan ÞÞ:	• Margrét Hólm Valsdóttir
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	• Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2011:

- Aðalsteinn Árni Baldursson
- Huld Aðalbjarnardóttir
- Reinhard Reynisson


Stjórn Þekkingarnetsins koms saman til fundar fjórum sinnum á árinu 2011 og framkvæmdaráð tvisvar. Alls voru því haldnir sex fundir í stjórn og framkvæmdaráði.

HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

Húsnæði þp		2011	Markmið 2012
Staður	Hús	Aðstaða	
Húsavík	Hafnarstétt 3 Skólahúsnæði og stakir salir (s.s. stofur Framhaldsskólans á Húsavík	400 fm aðalhúsnæði þp. Skrifstofuaðstaða fyrir um 15, námsver, 3 kennslu- og fundarými, 3 fjarfundabúnaðir. Kennslu- og fyrirlestraadstaða leigð í tímavís eftir þörfum	Óbreytt húsnæði. Settur verði upp 4. fjarfundabúnaðurinn í opnu skrifstofurými á 2. hæð. Óbreytt fyrirkomulag. Kennslurými leigt eftir þörfum undir kennslu þegar eigið rými er fullnýtt.
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1	Um 200 fm húsnæði deilt með Frhsk. á Laugum. Skrifstofurými fyrir 3-4, námsver, fjarfunda- og kennslurými.	Óbreytt húsnæði. Leitað verði eftir aukarými til afnota í húsinu undir fjarkennslu.
Raufarhöfn	„Ráðhúsið“ á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftökuadstaða, nettenging og lesrými.	Aukið verði og bætt aðgengi að vinnurými fyrir námsfólk í húsnæði þp í samráði við Norðurþing.
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftökuadstaða, nettenging og lesrými.	Aukið verði og bætt aðgengi að vinnurými fyrir námsfólk á húsnæði þp í samráði við húsráðendur.
Laugar	Urðarbrunnur, við Kvinnaskólann á Laugum.	Fjarfunda- og próftökuadstaða, nettenging og lesrými.	Gerður verði samningur við Urðarbrunn um þjónustu við námsfólk á svæðinu.
Bárðardalur	Kiðagil skólabúðir	Fjarfunda-, og próftökuadstaða og nettenging.	Gerður verði samningur við Kiðagil um uppsetningu lesrýmis og aukna þjónustu við námsfólk á svæðinu.
Mývatnssveit	Grunnskólinn í Reykjahlíð	Fjarfundaadstaða og nettenging	Unnið verði með Skútustaðahreppi og stofnunum á þekkingarsviði að myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit.
Skýringar:			
<p>Gert er ráð fyrir að höfuðstöðvar þekkingarnetsins verði á komandi árum í núverandi húsnæði að Hafnarstétt 3 á <u>Húsavík</u>. Á árinu 2011 var kennslusal skipt niður í tvö minni kennslurými og um leið hætt að leigja sali utan húss fastri leigu. Áfram verður unnið eftir sömu stefnu á Húsavík, þ.e. að nýta eins og kostur er húsnæði þekkingarnetsins til kennslu, en leigja rými eftir þörfum hverju sinni.</p> <p>Menntasetrið á <u>Þórshöfn</u> var flutt í nýtt og verulega betra húsnæði á árinu 2011 og verður starfrækt þar áfram á árinu 2012. Stefnt verður að því að auka rými í hinu nýja húsnæði ef/þegar losnar um í húsinu.</p> <p>Í árslok 2011 var fjarfundaadstaða færð á <u>Raufarhöfn</u> í svonefnt „ráðhús“ og stigin fyrstu skref í myndun námsseturs á Raufarhöfn. Í fyrrgreindu húsi starfrækir Norðurþing einnig skrifstofu sína í samstarfi við útibú sparisjóðs og pósthúss. Á árinu 2012 verður þarna komið upp námsrými með tilheyrandi búnaði og aðgengi.</p> <p>Á <u>Kópaskeri</u> var á árinu 2011 farið í samstarf við Norðurþing, Skjálftafélagið á Kópaskeri o.fl. aðila um myndun námsseturs í grunnskólahúsinu á Kópaskeri. Fjarfundaadstaða var sett upp á árinu og húsgögn til námskeiðahalds. Á árinu 2012 verður lokið við uppsetningu aðstöðu og búnaðar.</p> <p>Síðari hluta árs 2011 var nýrri námsaðstöðu á <u>Laugum</u> komið í gagn í samstarfi við félagið Urðarbrunn. Á árinu 2012 er stefnan að semja við Urðarbrunn um viðtækari þjónustu við námsfólk í Þingeyjarsveit.</p> <p>Í <u>Mývatnssveit</u> átti þekkingarnetið á árinu 2011 frumkvæði að samráði nokkurra aðila sem starfa á þekkingarsviði um myndun þekkingarseturs/-klasa í Reykjahlíðarþorpi. Starfið er þegar hafið og stefnt að því að á árinu 2012 verði það sett í fastan farveg með Skútustaðahreppi.</p> <p>Í <u>Kiðagili í Bárðardal</u> hefur þekkingarsetrið verið í samstarfi við heimafólk um námskeiðahald og rekstur fjarfundabúnaðar. Á árinu 2012 er stefnt að því að bæta aðstöðuna, m.a. með því að koma upp lesaðstöðu fyrir námsfólk.</p>			

Starfssvæði

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Starfssvæði þess er stórt að flatarmáli og nær yfir sjö sveitarfélög. Það er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.




Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga.

Rauðir punktar sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði. (Kiðagil, Laugar, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn).

Netverk símenntunarstöðva á Íslandi.

Þekkingarnet Þingeyinga er hluti af öflugum neti svæðisbundinna símenntunarstöðva sem ná yfir allt landið. Myndin sýnir höfuðstöðvar símenntunarstöðva innan samtakanna Kvasis. Rauðir punktar merkja höfuðstöðvar og bláir aðra þjónustustaði.



Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almenningssamgöngur innan svæðisins í lágmarki, bæði flug og rútur. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins.

Húsnæði og aðstaða

Undanfarin ár hefur meginstarfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga verið á Hafnarstétt 3 á Húsavík. Um er að ræða uppgert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400 m². Húsið hefur frá byggingarárinu 1930 hýst atvinnustarfsemi af mjög ólíku tagi, einkum í tengslum við sjávarútveg og fiskverkun. Húsið var gert upp fyrir nokkrum árum og útbúið sem skrifstofuhúsnæði. Það hentar afar vel undir starfsemi Þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir 17 starfsmenn, tvö kennslurými, fundaherbergi, námsver með lesrími, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis.

Þekkingarnetið framleigir hluta húsnæðisins til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseffirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu.



Húsnæði þekkingarnetsins að Hafnarstétt 3 á Húsavík veturinn 2011.



Síldarverkun við Hafnarstétt 3 á Húsavík í kringum 1960.



Uppgerð hússins á Hafnarstétt 3 á Húsavík árið 2000.

Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfsvæði sitt. Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Menntasetrið flutti á árinu 2011 í glæsilegt húsnæði miðsvæðis á Þórshöfn. Setrið er samstarfsverkefni Langanesbyggðar, Þekkingarnetsins og Framhaldsskólans á Laugum.

Haustið 2011 var opnað námssetur á Laugum í Reykjadal í samstarfi við heimaaðila sem reka félagið Urðarbrunn, sem starfar m.a. á við rannsóknir og fræðslu á sviði menningarminja og fornleifarannsókna. Þá er rekin þjónusta á Kópaskeri, Raufarhöfn í Mývatnssveit og Kiðagili í Bárðardal sem lýst er nánar í töflunni fremst í þessum kafla.

Þekkingarnet Þingeyinga vinnur markvisst að eflingu starfseminnar víða um starfsvæði sitt.



Frá opnun Urðarbrunn, þekkingarseturs á Laugum í Reykjadal.




Menntasetrið á Þórshöfn flutti í nýtt glæsilegt húsnæði haustið 2011. Á myndinni er skólastofa setursins.

SÍMENNTUNARSVIÐ

Markmið símenntunarsviðs 2011-2012	Áætlun fyrir 2011	Niðurstaða 2011	Áætlun fyrir 2012
Fjöldi almennra námskeiða á svæði þþ	65	59	65
Fjöldi námsleiða (vottaðar námsleiðir FA):	6	5	10*
Fjöldi kenndra stunda:	1700	1808	1700
Fjöldi kenndra nemendastunda:	16000	13490	16000
Þátttakendur	700	599	700

*Námsleiðirnar sem boðið verður upp á árinu 2012 eru talsvert styttri en verið hefur undanfarin ár eða um 60 stundir hver, í stað 150-300 stunda. Því verður boðið upp á fleiri leiðir en áður.



Kynjahlutfall - símenntun

Kynjahlutfall námskeiðspáttakenda árið 2011. Hlutfall karlkynspáttakenda hækkaði úr 25% árið 2010 í 30% árið 2011. Hlutfallið á milli kynjanna er annars líkt því sem þekkt við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er verulega hærra en karla.

Alls skráðu 657 einstaklingar sig til náms hjá Þekkingarnetinu á árinu en 592 luku námi. Brottfall hefur því verið um 10%. Ekki er munur á kynjunum þegar kemur að brottfalli því kynjahlutfall skráðra nemenda er það sama og þeirra sem luku námi.

Áherslur

Á árinu 2011 var áhersla lögð á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA). Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetsins svo sem sjómanna, bænda. Ágætis aðsókn var í þessi námskeið sem fólk sótti sér bæði til gagns og ánægju.

Við skipulagningu námskeiða og námsleiða er stuðst við greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins. Þær upplýsingar sem þar liggja til grundvallar eru t.d. upplýsingar úr náms- og starfsráðgjafaviðtölum, niðurstöður úr námskeiðsmati á þeim námskeiðum sem haldin hafa verið, óskir og fyrirspurnir íbúa á svæðinu úr fyrirtækjaheimsóknum, símtölum og tölvupósti. Auk þess sem horft er til þess sem er að gerast annars staðar á landinu eða erlendis og nýtur vinsælda.

Samstarf og þróunarvinna

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur átt slíkt samstarf á árinu 2011 en á því ári lauk formlega stefnumótunarvinnu Kvasis í innflytjendamálum með kynningu á haustfundi.

Á árinu luku Símei, Þekkingarnet Austurlands og Þekkingarnet Þingeyinga samstarfi sínu um gerð gagnabanka fyrir samfélagsfræðslu fyrir útlendinga. Gagnabankinn er aðgengilegur öllum á netinu og eru kennarar þessar stofnana þegar farnir að nýta sér hann við kennslu. (<https://sites.google.com/site/samfelagsfr/>)

Frá haustinu 2009 hefur Þekkingarnet Þingeyinga unnið að því að innleiða EQM gæðakerfið í starfsemi sína. Tvisvar hefur stofnunin farið í gegnum sjálfsmat og unnin hefur verið gæðahandbók fyrir starfsemina. Á árinu hlaut Þekkingarnetið styrk til að útbúa grunn að gæðahandbók sem gæti nýst öðrum framhaldsfræðsluaðilum til að smíða sér sína eigin handbók. Þeirri vinnu lauk í september 2011 og var gæðahandbókin formlega kynnt á haustfundi Kvasis 5.-6. október og í kjölfarið var bókinni skilað á rafrænu formi og útprentaðri til Fræðslusjóðs. Auk þessa hefur Þekkingarnetið boðið framhaldsfræðsluaðilum upp á ráðgjöf við innleiðingu EQM.

Á haustmisseri opnaði Urðarbrunnur rannsóknar- og þróunarsetur. Urðarbrunnur er samstarfsaðili Þekkingarnets um símenntun og ráðgjöf í Þingeyjarsveit. Samstarfið fór vel af stað og hafa íbúar í Þingeyjarsveit tekið aukinni þjónustu vel.

Námsleiðir

Á vorönn var ein námsleið kennd. Þrátt fyrir mikla vinnu og ítrekaðar tilraunir gekk ekki að koma fleiri leiðum af stað. Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (320 kest.) var kennd á Húsavík (fyrrir hluti alls 165 kest.) Þátttakendur voru í upphafi tíu og tveir stunduðu nám í einni námsgrein hvor. Hluti þátttakenda voru atvinnuleitendur sem skiluðu sér ekki aftur á haustönnina þar sem þeir voru þá komnir í fasta vinnu eða sumarvinnu sem teygðist fram á haustið. Helmingur þátttakenda luku námsleiðinni í desember. Námsleiðin var kennd frá Húsavík og íbúum á Þórshöfn gefinn kostur á að taka þátt og var fjarfundabúnaður og My School kennsluferfið nýtt til að gera þeim það kleift.

Á haustönninni gekk betur að koma námsleiðum af stað. Fagnám II fyrir starfsfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu (60 kest.) var kennd á Þórshöfn, Sterkari starfsmaður (150 kest.), Skrifstofuskóli (240 kest.) og Landnemaskóli (150 kest.) voru kennd á Húsavík. Fagnáminu luku 6 nemendur af 8, Sterkari starfsmanni luku 9 af 16 (námsleiðin var kennd fyrir skjólstaðinga Vinnumálastofnunar), Skrifstofuskólanum luku 8 þátttakendur af 14 og Landnemaskóla luku 7 af 11 þátttakendum. Allar þessar leiðir eru kenndar samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Áformað var að kenna auk þessa Sterkari starfsmann á Þórshöfn. Ekki tókst að koma þeirri leið af stað.

Námskeið

Óhætt er að segja að aldrei hafi jafn mörg námskeið staðið íbúum í Þingeyjarsýslum til boða og á árinu 2011. Alls voru auglýst 93 námskeið á vegum Þekkingarnetsins og þá eru ótalin önnur námskeið sem Þekkingarnetið hafði milligöngu um eins og námskeið Endurmenntunar Háskóla Íslands, Símenntunar Háskólans á Akureyri, Framvegis og Starfsmenntar. Af þeim 93 námskeiðum sem voru auglýst voru 59 haldin og 34 aflýst. Námskeiðum er aflýst þegar lágmarksþátttaka næst ekki. Oftast miðast hún við 6-10 þátttakendur, en það er aðeins breytilegt effir því hvar námskeiðin eru auglýst. Viðmið um

Lágmarkspátttöku eru almennt lægri í fámennari byggðum á starfssvæði Þekkingarnetsins.



Frá jólasmiðju á Húsavík, nóvember 2011



Einar Sveinbjörnsson fræðir um veðurfar í Þingeyjarsýslum í fyrirlestraröðinni „Tæpitungulaust“, Húsavík mars 2011

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT


Markmið í náms- og starfsrágjöf 2011-2012	Áætlun fyrir 2011	Niðurstaða 2011	Áætlun fyrir 2012
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	407	402	350

Ráðgjöf

Á árinu 2011 reyndist eftirspurn eða þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf enn hafa aukist nokkuð frá fyrra ári. Skýring á þessari aukningu er líklega helst þær breyttu efnahags- og atvinnuaðstæður sem verið hafa á síðustu misserum. Einnig er þó ljóst að íbúar á starfssvæði Þekkingarnetsins eru orðnir mun meðvitaðari um þjónustu ráðgjafa og nýta sér í auknum mæli þjónustuna að eigin frumkvæði.

Á árinu 2011 hélt námsráðgjafi 32 kynningar þar sem náms- og starfsráðgjöf var kynnt með formlegum hætti. Á kynningarnar kom 301 einstaklingur, 191 þáðu hópráðgjöf og í kjölfarið skráði 27 einstaklingur sig í viðtal. Mikil aukning var í hópi einstaklinga sem komu að eigin frumkvæði í viðtal eða 237 einstaklingar. Heildarfjöldi viðtala á árinu 2011 var 402 viðtöl og af þeim voru 234 endurkomuviðtöl.


Árið 2011 varð aukning viðtala við einstaklinga sem eru í atvinnuleit. Eins og áður hefur komið fram var gerður samningur við Vinnumálastofnun um ráðgjöf við einstaklinga í atvinnuleit og hófst verkefnið í lok nóvember 2009 á starfssvæði Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra og var samningurinn endurskoðaður og framlengdur í júní 2010. Á þessu tímabili hefur náms- og starfsráðgjafi Þekkingarnets Þingeyinga unnið náið með ráðgjafa Vinnumálastofnunar og eru atvinnuleitendur boðaðir í viðtöl með reglulegu millibili á starfssvæði stofnananna.



Hér fyrir neðan má sjá kynja- og aldurshlutfall þeirra sem komu í ráðgjöf á árinu 2011:


Kynjahlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Kynjahlutfall í náms- og starfsráðgjöf hefur undanfarin ár haldist nokkuð í hendur við þátttakendur í fullorðinsfræðslu almennt þar sem konur hafa verið í miklum meirihluta. Þó varð hlutfallið jafnara á árinu 2010, sem að nokkru leyti stafaði af þátttöku karlmannna í raunfærnimati á því ári. Hlutfall karla í ráðgjöf hefur lækkað lífillega á ný milli ára en árið 2011 voru 40% ráðþega karlar á móti 60% konum.



Aldurshlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Undanfarin ár hafa flestir ráðþegar verið að koma úr aldurshópnum 41 árs og eldri eða um 42% árið 2008 og 36% árið 2009. Þróunin síðustu tvö ár hefur hinsvegar orðið sú að fjölgað hefur verulega í aldurshópnum 26 til 40 ára, 30% árið 2010 og 38% árið 2011. Þessa aukningu má helst skýra með auknu atvinnuleysi hjá þessum hópi.



Raunfærnimat

Náms- og starfsráðgjafi Þekkingarnetsins hefur umsjón með raunfærnimati og verkefnum sem því tengjast á vegum stofnunarinnar. Töluverð aukning hefur orðið á viðtölum er snúa að raunfærni og raunfærnimati á síðustu tveimur árum.

Árin 2010 og 2011 tók Þekkingarnet Þingeyinga þátt í raunfærnimatsverkefni með Símei á Akureyri og Lönni Fræðsluseturs í Reykjavík. Verkefnið fólst í því að bjóða upp á raunfærnimat í iðngreinum á starfssvæði Þekkingarnetsins. Verkefnið tókst vel en 9 manns tóku þátt í verkefninu sem ennþá stendur yfir.

HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

	Markmið 2011	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2012
aðstaða og	<i>Háskólanámsver á Húsavík rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.</i>	Já	Rekstur eins. Sólarhringsaðgangur, tölvu- og prentaðstaða bætt (ný nemenda-tölva sett upp).	<i>Háskólanámsver á Húsavík rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.</i>
	<i>Aðstaða verði bætt í námsveri Menntasetursins á Þórshöfn í nýju húsnæði haustið 2011. Þjónusta verði sambærileg við það sem er á Húsavík.</i>	Já	Menntasetrið flutti í nýtt húsnæði með bættri aðstöðu að öllu leyfi. 2 starfsmenn þá starfa í Menntasetrinu.	<i>Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti. Brugðist verði við staekkunarþörf á húsnæðis-kosti innan núverandi húsnæðis ef þörf krefur.</i>
þjónusta	<i>Þjónustavið háskólanema í dreifðari byggðum verði eflað. Opnuð verði ný námsver á Kópaskeri og á Laugum á árinu. Ennfremur verði óskað eftir samstarfi við sveitarfélög um námsver á Raufarhöfn og í Mývatnssveit.</i>	Já	Þjónusta og aðstaða endurbætt á flestum þjónustustöðum í Þingeyjarsýslum. Sjá nánar kafla 3 að framan (húsnæði, starfssvæði).	<i>Undirbúningi að myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit verði komið í fastan farveg. Gert verði samkomulag við húsráðendur á hverjum stað (Raufarhöfn, Kópasker, Laugar, Kiðagil) um þjónustu við fjarnema.</i>
	Námsver	<i>Námsþjónusta fyrir háskólanema í fjarnámi verði rekin áfram í Menntasetrinu á Þórshöfn. Haldið verði samfellu í starfinu strax frá hausti 2010 þrátt fyrir fyrirséð fæðingarorlof fastráðs starfsmanns að vori 2010.</i>	Já	Menntasetrið á Þórshöfn rekið allt árið 2011. Annar starfsmaður ráðinn til starfa á Þórshöfn í 50% starfshlutfalli.
Framhaldsskólar	<i>Samstarf verði aukið við framhaldsskóla héraðsins og leitað eftir samkomulagi um samstarf og verkaskipti á sviði fræðslukosta fyrir fullorðna.</i>	Já	Samstarf var töluvert á árinu við framhaldsskólana í héraðinu (FL og FSH), m.a. um samnýtingu námsvera, kennslukrafta og kennsluástöðu.	<i>Samstarf verði aukið við framhaldsskóla héraðsins. Kynntir verði fyrir útskriftarnemum framhaldsskóla möguleikar á fjarnámsþjónustu í heimahéraði.</i>
Námsráðgjöf	<i>Námsráðgjöf fyrir háskólanema verði <u>auglýst</u> og kynnt sérstaklega, m.a. stefnt að útgáfu kynningarblaðs fyrir háskólanema.</i>	Já	Námsráðgjöf auglýst fyrir háskólanema, m.a. með útgáfu háskólanámsbæklings vorið 2011. Fjöldmörg ráðgjafarviðtöl háskólanema á árinu.	<i>Fjarnám verði kynnt sérstaklega á árinu. Kynning verði í höndum námsráðgjafa að vori. Horft til bæði háskólanáms og fjarnáms af öðru tagi (áhersla á nám sem ekki er í boði í heimahéraði).</i>
Fjarpróf	<i>Leitað verði samstarfs við setur sem sinna <u>fjarprófum</u> um land allf. Settar verði prófareglur fyrir þá og eftir atvikum reynt að ná samstöðu um sameiginlegar fjarprófareglur á landsvísu.</i>	Já	Þá hafði á árinu 2011 frumkvæði að samráði allra sem sinna fjarprófþjónustu um prófareglur. Þá tók upp þessar prófreglur 2011.	<i>Sameiginlegum vettvangi eða félagsskap setra/miðstöðva sem sinna háskólaþjónustu verði komið upp. Stefnt að formlegri upptöku sameiginlegra prófreglnareglna á landsvísu á árinu 2012.</i>
Fjarfundabúnaðir	<i>Endurnýjaðir verði <u>fjarfundabúnaðir</u> þannig að hægt verði að senda kennslugögn(og kenna) frá Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri.</i>	Já	Nýjum búnaðum komið upp á Raufarhöfn og Kópaskeri. 3 búnaðir settir upp á Þórshöfn, þ.m.t. einn sem getur sent gögn.	<i>Haldið verði áfram að endurnýja fjarfundabúnaði. Á árinu verði keyptur nýr búnaður (hdx) á Þórshöfn.</i>

Námsver og þjónusta

Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla, á starfssvæði sínu. Það þýðir að háskólanemar sem búsettir eru við Mývatn, á Kópaskeri, á Húsavík og öðrum stöðum héraðsins hafa allir sinn sama farveg til fjarnámsþjónustu í sínu héraði í gegnum Þekkingarnetið.

Undanfarin misseri hefur Þekkingarnetið unnið markvisst að því að efla og bæta þjónustu og aðstöðu fyrir fjarnema víða í Þingeyjarsýslum. Þetta útheimtir náði samstarf við sveitarfélög og stofnanir á þekkingarsviði í héraðinu. Á Húsavík og Þórshöfn er boðin víðtæk þjónusta með mönnum námsveri, ráðgjöf og stuðningi auk nokkurra fjarfundabúnaða á hvorum stað og fjarprófaaðstöðu. Annars staðar í héraðinu hefur til þessa fyrst og fremst verið um miðlun náms í gegnum fjarfundabúnaði að ræða og fjarprófahald sums staðar. Á árinu 2011 varð nokkur framgangur í þessum efnum á starfssvæði Þekkingarnetsins. Með samkomulagi við húsráðendur á hvorum stað var opnuð námsaðstaða í nýju húsnæði á Raufarhöfn og Kópaskeri. (Sjá nánar 3. kafla að framan, Húsnæði, starfssvæði). Þá var opnað nýtt námsver á Laugum í Reykjadal.




Háskólanámsver Þekkingarnetsins á Húsavík

Háskólanámsverið á Húsavík var rekið með áþekktum hætti og árin áður í húsnæðinu á Hafnarstétt 3. Þekkingarnetið hélt þeirri stefnu sinni að taka ekki gjald af háskólanemum utan kostnaðargjalds fyrir prentun og ljósritun. Með sama hætti og sömu formerkjum var námsverið í Menntasetrinu á Þórshöfn rekið. Sem fyrr hafa háskólanámsverið og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna innan Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag.

Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Árið 2011 var metár í fjarprófahaldi annað árið í röð, en nú varð aukningin verulega meiri en árið þar á undan. Alls voru tekin 396 fjarpróf á 8 stöðum í héraðinu frá alls 13 skólum á vegum Þekkingarnetsins árið 2011. Frá árinu á undan er þetta gífurleg aukning, eða um 85%.



Háskólakennsla

Forstöðumaður hefur undanfarin ár haft umsjón með og kennt námskeið við Háskólann á Akureyri. Um er að ræða námskeiðið USK1103 sem er skyldunámskeið um mat á umhverfisáhrifum og skipulag á þriðja ári í umhverfis- og orkufræði. Námskeiðið var kennt með blönduðum kennsluháttum, stað- og fjarnámi.

Það er stefna Þekkingarnetsins að auka fjarkennslu frá starfsstöðvum stofnunarinnar og nýta þannig starfskrafta innan og utan stofnunarinnar á starfssvæði setursins til kennslu í háskólum landsins. Með þeim hætti má snúa hefðbundinni hugsun um fjarnám við og gera háskólakennslu af landsbyggðinni mögulega í auknum mæli.

RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ

	Markmið 2011	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2012
Starfsmannahald	<u>Starfsmannahald á rannsóknasviði verði ekki skert á árinu. Aukinn verði vinnufími sem lagður er í verkefna- og tekjuöflun.</u>	Já	Á árinu 2011 komu þrjú starfsmenn auk forstöðumanns að vinnu á rannsóknasviði í hluta- eða heilu starfi. Umfang vinnu á rannsóknasviði áþekkt á árinu 2011 og fyrrí ár.	Brugðist verði við fyrirséðri fjarveru starfsmanna á rannsóknasviði (fæðingarorlofi) á árinu 2012 með tímabundnum verkefnaráðningum.
Háskólanem.	<u>Staðið verði fyrir 5 rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.</u>	Nei	4 rannsóknaverkefni voru unnin sumarið 2011 í samstarfi við háskólanema.	Staðið verði fyrir 5 verkefnum í samstarfi við háskólanema.
Sjálfbærni-verkefni	<u>Seld verði sérfræðivinnu við sk. „Sjálfbærni-verkefni“ sem kosti stöðugildi sérfræðings á rannsóknasviði.</u>	Já	Samningi við eigendur sk. Sjálfbærni-verkefni viðhaldið á árinu 2011. Minni vinna seld í Norðurverkefni en áður vegna óvissu í verkefni að hálfu verkkaupa.	Áfram verði unnið við sk. „Sjálfbærni-verkefni“ á árinu. Stefnt verði að gerð verktakasamnings við verkkaupa.
Alþjóðaverkefni	<u>Lögð verði vinna á rannsóknasviði í umsóknir og tengslamyndun í alþjóðaverkefnum. Horft til rannsóknna- og þróunarverkefna í tengslum við norræna sjóði og sjóði EB.</u>	Já	Á árinu 2011 var hafin undirbúningsvinna við þróunarverkefni undir vinnuheitinu „Dreifð byggð – dreifð þjónusta“ með Nýsköpunarmiðstöð o.fl. aðilum. Um er að ræða verkefni sem gengur út á nýbreytni í þjónustu- og þekkingarstarfsemi í dreifðum byggðum.	Leitað verði fjármögnunar í erlenda sjóði, t.a.m. IPA fjármagn, til þróunarverkefnisins „Dreifð byggð-dreifð þjónusta“.
Samstarfs- og þróunarverkefni	<u>Áhersla verði lögð á frumkvæði þþ að þróunar- og samstarfsverkefnum stofnana í héraði. Áhersla á verkefni sem nýtast á starfssviði þþ og/eða sérþekking þþ nýttist öðrum.</u>	Já	Þþ leiðir samstarf stofnana innan veggja húsnaðis að Hafnarstétt 3. Á árinu 2011 hafði þþ frumkvæði að eflingu samstarfs og myndun þekkingarkjarna í minni þéttbýlisstöðum í Þingeyjarsýslum, þ.e. Kópaskeri, Raufarhöfn, Laugum og Mývatnssveit.	Þþ eflir samstarf við stoðkerfi atvinnulífsins í Þingeyjarsýslum. Samstarfi um rekstur nýrra þjónustustöðva þþ á Raufarhöfn, Kópaskeri, á Laugum og í Mývatnssveit verði komið í fastan farveg.
Íbúáþróun	<u>Árlegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði þþ verði haldið áfram.</u>	Já	Íbúáþróunarskýrsla gefin út í mars 2011 og kynnt.	Árlegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði þþ verði haldið áfram.
Kynning	<u>Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna úr rannsóknum þþ, bæði innan héraðs og utan, með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum o.fl.</u>	Já/nei	Niðurstöður rannsókna og verkefna voru kynntar með framsögum/fyrirlesturum í heimahéraði. Einnig kynnt í staðarfjölmiðlum og á heimasíðu þþ. Kynning verkefna þþ á árinu 2011 utan héraðs hefði mátt vera meiri.	Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna úr rannsóknum þþ, bæði innan héraðs og utan, með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum o.fl.

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- *Rannsóknþjónusta*; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstoða fyrir rannsakendur í Þingeyjarsýslu.
- *Eigin rannsóknar-* og þróunarverkefni Þekkingarnetsins.
- *Útseld rannsóknar- og ráðgjafarvinna* starfsfólks Þekkingarnetsins.
- *Rannsóknaverkefni* sem unnin eru af háskólanemum eða í samstarfi við þá.
- Samstarf við aðrar stofnanir um ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við menntamálaráðuneytið að þjónusta vísinda- og fræðastarf í Þingeyjarsýslum. Þannig er lögð áhersla á að hýsa rannsakendur og aðstoða þá sem sinna rannsóknum í Þingeyjarsýslum með margvíslegum hætti. Slík þjónusta er veitt með aðgangi að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólk rannsóknastofnana
- Rannsakendur á vegum háskóla á Íslandi
- Námsmenn í rannsóknaverkefnum
- Sjálfstæðir rannsakendur (Íslenskir og erlendir)

Eigin verkefni Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið hefur samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti og skipulagsskrá ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi í héraðinu með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum.

Útseld rannsóknar- og ráðgjafarvinna

Sala á sérfræðivinnu hefur farið vaxandi undanfarin ár. Á árinu 2011 vann þp að nokkrum útseldum verkefnum við ráðgjöf, stefnumótun og úttektir.

Fyrirferðamest útseldra verkefna voru svokölluð „Sjálfbærni-verkefni“, en þau eru samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Alcoa og Landsnets sem þp hefur unnið við sem verktaki frá árinu 2008. Um er að ræða umsjón og utanumhald tveggja aðskilinna en þó nátengdra verkefna um þróun sjálfbærni vísna/-mælikvarða við uppbyggingu og rekstur orkuöflunar og iðnaðar á Norðurlandi og Austurlandi. Starfsmaður verkefnanna er Guðlaug Gísladóttir. Á árinu 2011 dró verulega úr vinnu við Norðurlandsverkefnið en vinna var með áþekkingu hætti og verið hefur við Austurlandsverkefnið. Vefur verkefnisins, www.sjalfbarna.is, hýsir afrakstur vinnunnar.

Á árinu 2011 tók Þekkingarnetið að sér ráðgjafarverkefni á sviði stefnumótunar. Unnin var stefnumótun og innleiðingaráætlun stefnu fyrir Orkuveitu Húsavíkur. Vinnan heppnaðist vel og í framhaldinu hófst vinna við áætlun og framkvæmd innleiðingar stefnunnar. Jafnframt fór í gang vinna við stefnumótun fyrir Mývatnsstofu. Stefna þp er að halda áfram verkefnasölu af þessu tagi á árinu 2012.

Þá var unnin lítil viðhorfsrannsókn á þörfum og væntingum íbúa Langanesbyggðar til daggæslu í sveitarfélaginu.

Loks var upplýsinga aflað og uppkast unnið að texta í Árbók Þingeyinga fyrir sveitarfélagið Norðurþing.

Rannsóknaverkefni háskólanema

Á árinu 2011 var eins og venja er leitað eftir samstarfi við háskólanema um rannsókn- og þróunarverkefni. Eitt markmiðið er að efniviður slíkra verkefna

tengist héraðinu og/eða þau skapi atvinnu fyrir háskólanema úr héraði. Á árinu 2011 voru unnin fjögur verkefni af háskólanemum á vegum og/eða í samstarfi við þekkingarnetið. Verkefnin voru fjármögnuð úr Verkefnasjóði þekkingarnetsins og með átaksverkefni Vinnumálastofnunar fyrir háskólanema.

Verkefni á rannsóknasviði 2011				
	Verkefni	Gerð verkefnis	Samstarf	Framkvæmd (þþ)
Eigin verkefni þþ	Dreifð byggð – dreifð þjónusta	Rannsóknar-/þróunarverkefni	Impra, Nýsköpunar-miðstöð	Óli Halldórsson (ÓH), Gréta Bergrún Jóhannesdóttir (GBJ) f. þþ, Sólveig Sigurgeirsdóttir (Impra-Nýsköpunar-miðstöð)
	Mannfjöldapróun á starfssvæðinu	Rannsóknar-/þróunarverkefni	Eigið verkefni	Aðalsteinn J. Halldórsson (AJH)
	Húsavíkurflugvöllur í Aðaldal – greinargerð	Rannsóknar-/þróunarverkefni	Atv.þr.félag Þing.,ferðaþj.-aðilar, sv.félög	ÓH
Útseld vinna	Sjálfbærni-verkefni - Norðurlandsverkefni	Útsala/ráðgjöf	Alcoa, Landsvirkjun, Landsnet	Guðlaug Gísladóttir (GG)
	Sjálfbærni-verkefni - Austurlandsverkefni	Útsala/ráðgjöf	Alcoa, Landsvirkjun	GG
	Viðhorfskönnun v. dagvistunarmála Langanesbyggð	Útsala/ráðgjöf	Langanesbyggð	Gréta Bergrún Jóhannesdóttir (GBJ)
	Viðhorfskönnun vegna öldrunarþjónustu í Skútustaðahreppi	Útsala/ráðgjöf	Skútustaða-hreppur	Aðalsteinn J. Halldórsson (AJH)
	Upplýsingaöflun og ritunarnarvinna vegna Árbókar Þingeyinga	Útsala/ráðgjöf	Norðurþing	AJH
	Stefnumótun Orkuveitu Húsavíkur	Útsala/ráðgjöf	Orkuveita Húsavíkur	GG
	Stefnumótun Mývatnsstofu	Útsala/ráðgjöf	Mývatnsstofa	GG
	Vímuvarnarsamningur Völsungs: Árangur og eftirfylgni	Verkefni háskólanema	Íþróttafélagið Völsungur, Vinnumála-stofnun	Kjartan Páll Þórarinnsson B.A. nemi í stjórn málafræði
Verkefni háskólanema	Sögulegir jarðskjálftar á Norðurlandi	Verkefni háskólanema	King Abdullah University Saudi Arabia, H.Í.	Ómar Þorgeirsson B.A. Sagnfræði
	Saga og þróun Þórshafnarþorps	Verkefni háskólanema	Langanesbyggð	Sunna Ragnarsdóttir B.A. nemi í líffræði
	Flokkun skýrsla og skjala hjá þþ	Verkefni háskólanema	þþ, Vinnumála-stofnun	Þórunn Þórhallsdóttir B.A. málvísindi

ÚTGÁFA, KYNNING

Útgefið efni

Þekkingarnetið gaf út eftirfarandi skýrslur/greinargerðir/rit/námsefni á árinu 2011:

- **Vímuvarnarsamningur Völsungs: Árangur og effirfylgni**

Sumarið 2011 vann Kjartan Páll Þórarinnsson þessa skýrslu í samvinnu Þekkingarnets Þingeyinga og Völsungs. Verkefnið gekk út á að kanna árangur af Vímuvarnarsamning Völsungs sem er samningur sem gerður er við iðkendur knattspyrnu hjá yngri flokkum Völsungs.

Ábyrgð og ritstjórn, Aðalsteinn J. Halldórsson, Óli Halldórsson.

- **Grunnur að EQM-gæðahandbók fyrir aðila í framhaldsfræðslu**

Handbókin er grunnur sem fræðsluaðilar sem vilja innleiða EQM gæðviðmið í sitt starf geta nýtt sér til að útbúa sína eigin gæðahandbók. Verkefnið fékk styrk úr Fræðslusjóði. Unnið af starfsfólki símenntunarsviðs.

Ábyrgð og ritstjórn, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Óli Halldórsson.

- **EQM-gæðahandbók Þekkingarnets Þingeyinga**

Handbókin er grunnur sem fræðsluaðilar sem vilja innleiða EQM gæðviðmið í sitt starf geta nýtt sér til að útbúa sína eigin gæðahandbók. Verkefnið fékk styrk úr Fræðslusjóði. Unnið af starfsfólki símenntunarsviðs.

Ábyrgð og ritstjórn, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Óli Halldórsson.

- **Ársskýrsla 2010 og starfsáætlun 2011**

Ársskýrsla Þekkingarnets Þingeyinga 2010 og starfsáætlun fyrir 2011. Gefin út árlega. Unnið af Óla Halldórssyni.

Ábyrgð og ritstjórn, Óli Halldórsson.

- **Mannfjöldapróun á starfssvæði Þekkingarseturs Þingeyinga.**

Unnið af Aðalsteini J. Halldórssyni. Skýrslan er yfirlit yfir mannfjöldapróun á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga sem nær frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Í skýrslunni eru teknar saman tölur frá Hagstofu Íslands yfir íbúapróun og -samsetningu einstakra sveitarfélaga og byggðakjarna innan þeirra.

Ábyrgð og ritstjórn, Aðalsteinn J. Halldórsson, Óli Halldórsson.

- **Fjölgar kreppan krónum? Efnahagslega áhrif ferðapjónustu á Húsavík við breyttar samfélagsaðstæður**

Unnið af Andra Val Ívarssyni og Óla Halldórssyni, ásamt fleiri starfsmönnum Þekkingarnetsins. Um er að ræða lokaskýrslu rannsóknar á útgjöldum erlendra ferðamanna sem safnað var gagna til á árinu 2010. Skýrslan var útgefin á vormánuðum 2011.

Ábyrgð og ritstjórn, Andri Valur Ívarsson, Óli Halldórsson.



EQM gæðahandbók Þekkingarnetsins var gefin út í árslok 2011.

- **Sögulegir jarðskjálftar á Norðurlandi**

Unnið að frumkvæði dr. Sigurjóns Jónssonar jarðvísindamanns við King Abdulla University í Saudi Arabíu. Ómar Þorgeirsson, sagnfræðingur og nemi við HÍ vann að verkefninu sumarið 2011.

Ábyrgð og ritstjórn, Sigurjón Jónsson, Óli Halldórsson o.fl.

- **Húsavíkurflygvöllur í Aðaldal**

Greinargerð um flygvöllinn í Aðaldal, viðskiptataækifæri og forsendur til að hefja áætlunarflug um völinn á ný. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga leiddi verkefnið ásamt fulltrúum ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga. Skýrslan gefin út í samstarfi stofnananna.

Ábyrgð og ritstjórn, Óli Halldórsson, Reinhard Reynisson.

- **Dagvistunarmál í Langanesbyggð**

Skýrsla með niðurstöðum viðhorfskönnunar um dagvistunarúrræði á Þórshöfn, unnin fyrir Langanesbyggð.

Ábyrgð og ritstjórn, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Framsögur og fyrirlestrar

Á árinu 2011 stóð Þekkingarnetið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

- Reykjavík, febrúar 2011. Óli Halldórsson kynnti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga með framsögu á málþingi hjá Starfsmennt í Reykjavík.
- Húsavík, febrúar 2011. Einar Sveinbjörnsson flutti fyrirlestur í röðinni „Tæpitungulaust“: „Veðurfar við Skjálfanda.“
- Húsavík, febrúar 2011. Óli Halldórsson flutti fyrirlestur í Framhaldsskólanum á Húsavík um siðfræði og umhverfisfræði.
- Húsavík, mars 2011. Óli Halldórsson flutti fyrirlestur á fundi Húsavíkurstofu og sveitarfélagsins Norðrþings um málefni ferðaþjónustu. Kynnt var rannsókn Þekkingarnetsins á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu á Húsavík.
- Húsavík, apríl 2011. Óli Halldórsson flutti erindi á ráðstefnunni „Ferðaþjónusta – hornsteinn hagvaxtar“ sem iðnaðarráðuneytið, Þekkingarnet Þingeyinga og Húsavíkurstofa stóðu fyrir. Kynnt var rannsókn Þekkingarnetsins á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu á Húsavík.
- Húsavík, apríl 2011. Stefán Gíslason flutti fyrirlestur í röðinni „Tæpitungulaust“: „Minni orka aukin lífsgæði.“
- Reykjavík, maí 2011. Óli Halldórsson flutti erindi á ráðstefnunni „Landsbyggð tækifæranna“ sem mennta- og menningamálaráðuneytið stóð fyrir í Reykjavík. „Sambætting atvinnulífs og akademíu í byggðum landsins“.
- Húsavík, ágúst 2011. Óli Halldórsson kynnti starfsemi Þekkingarnetsins með framsögu fyrir starfsfólki Farskóla Norðurlands vestra.
- Húsavík, september 2011. Jóhanna Kristjónsdóttir flutti fyrirlestur í röðinni „Tæpitungulaust“: „Mið austurlönd og staða kvenna“.

- Húsavík, október 2011. Arnhildur Pálmadóttir og Röðull Reykrásson fluttu fyrirlestra í röðinni „Tæpitungulaust“: „Skipulag borga og bæja - hvað eiga Húsavík og Star Wars sameiginlegt?“



Frá fyrirlestri Arnhildar Pálmadóttur og Röðuls Reys Kássonar um skipulag. Húsavík, haustið 2011.

- Húsavík, október 2011. Kjartan Páll Þórarinnsson flutti fyrirlestur á kynningarfundum Þekkingarnetsins og Íþróttafélagsins Völsungs um forvarnaverkefni Völsungs. Kynnt var viðhorfsrannsókn Þekkingarnetsins um árangur forvarnaverkefnisins.
- Raufarhöfn, október 2011. Sigurður Þór Guðmundsson flutti fyrirlestur í röðinni „Tæpitungulaust“: „Hrútaþukl“.
- Húsavík, nóvember 2011. Andrea Ólafsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson fluttu fyrirlestra í röðinni „Tæpitungulaust“: „Vont er þeirra ranglæti, verra þeirra réttlæti“.
- Reykjavík, desember 2011. Helena Eydís Ingólfisdóttir flutti fyrirlestur um Gæði í framhaldsfræðslu á morgunfundum um stöðu og framtíðarsýn varðandi gæði í starfsmenntun og framhaldsfræðslu.

Starfsfólk Þekkingarnetsins hélt fleiri framsögur og kynningar í héraði í tengslum við störf stofnunarinnar sem ekki eru tilgreindir hér, t.a.m. inni á vinnustöðum og tengslum við almenna kynningu verkefna og þjónustu stofnunarinnar.

Þekkingarsetrið

Starfsemi



á Húsavík

árið 2011



Þekkingarnet
Þingeyinga

Miðstöð símenntunar,
háskólanáms- og rannsóknna.

•Óli Halldórsson

MA umhverfisfræði, BA heimspeki, framh. sk. kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Aðalsteinn J. Halldórsson

MPA í opinberri stjórnsýslu, BA stjórnmálafræðingur
Verkefni: Sérfræðingur á rannsóknasviði



•Hjördís Bergsdóttir

Verkefni: Húsumsjón og ræstingar



•Erla Dögg Ásgeirsdóttir

BA upplýsingafræði, dipl. náms- og starfsráðgjöf, M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf.
Verkefni: Náms- og starfsráðgjafi



•Gréta Bergrún Jóhannsdóttir

MA kynjafræði, BA fjölmíðlafræði
Verkefni: Verkefnastjóri í Menntasetrinu Þórshöfn



•Guðlaug Gísladóttir

MPM í verkefnastjórnun, BS, viðskiptafræði
Verkefni: Verkefnisstjóri á rannsóknasviði



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri/skólaritari VÍ
Verkefni: Skrifstofustjóri, afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



•Heiðrún Óladóttir

BEð kennari
Verkefni: Verkefnastjóri í Menntasetrinu á Þórshöfn.



•Helena Eydís Ingólfssdóttir

BEð kennari, MPA nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Svíðstjóri á símenntunarsviði



•Ingibjörg Árnadóttir

BS viðskiptafræðingur
Verkefni: Tímabundin störf við kennslu o.fl. á símenntunarsviði.



•Signý Valdímarsdóttir

BA félagssráðgjafi
Verkefni: Tímabundin störf við kennslu o.fl. á símenntunarsviði.



Sumarstarfsfólk við rannsóknir

•Kjartan Páll Þórarinnsson

BA nemi í stjórnmálafræði
Verkefni: Vímuvarnarsamningur Völsungs



•Sunna Björk Ragnarsdóttir

BS nemi í líffræði
Verkefni: „Pistlar“ - samantekt sagna og munnmæla úr Pistlifræði



•Þórunn Þórhallsdóttir

BA í málvísindum
Verkefni: Flokkun og skráning gagna ÞÞ



Náttúrustofa
Norðausturlands

Rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða.

•Þorkell Lindberg Þórarinnsson

MS/BS líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

BS líffræðingur
•Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknastofna, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórssen

BS líffræðingur, kennari, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknir, fræðsla



•Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir

MS Umhverfisstjórnun, BS líffræðingur,
Verkefni: Sérfræðingur. Náttúruvernd og umhverfismál



•Yann Kolbeinsson

BS líffræðingur, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur. Fuglarannsóknir og -vöktun



Háskóli Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík á sviði sjávarspendýrafræða.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

•Marianne H. Rasmussen

PhD sjávarspendýralíffræði, cand.sc. líffræði
Verkefni: Forstöðumaður í fullu starfi



•Edda Elísabet Magnúsdóttir

PhD nemi í sjávarspendýralíffræði við H.Í.
Verkefni: Sérfræðingur/doktorsnemi í hlutastarfi



Auk starfsfólks Háskóla Íslands sem greint er frá að ofan starfa ár hvert námsmenn við rannsóknir í tímabundnum störfum. Ýmist er um að ræða íslenska og erlenda háskólanema, flesta í námi í sjávarlíffræði eða tengdum greinum.



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Heilbrigðisfulltrúi í Þingeyjarsýslum
Mjólkurfræðingur

•Þorkell Björnsson

Staða: Heilbrigðisfulltrúi



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi námsfólks í símenntun og háskólafránamí innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmrí tíma.